

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

5. mgr. 61. gr. fellur brott.

2. gr.

Á eftir 14. mgr. 86. gr. bætast við tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Diplómanám í handleiðslu er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu starfsréttindanámi í félagsráðgjöf eða öðru sambærilegu námi til lögverndaðra starfsréttinda. Auk þess er krafist minnst fjögurra ára starfsreynslu á sviði félags-, heilbrigðis-, skóla- eða réttarkerfis. Nám þetta er hægt að fá metið inn í rannsóknartengt MA-nám í félagsráðgjöf, að uppfylltum inntökuskilyrðum.

Diplómanám í fjölmenningsráðgjöf er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu starfsréttindanámi í félagsráðgjöf. Nám þetta er hægt að fá metið inn í rannsóknartengt MA-nám í félagsráðgjöf, að uppfylltum inntökuskilyrðum.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 14. október 2016.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.